



Fréttatilkynning  
13 November 2024 11:34:00 GMT

EKKI TIL ÚTGÁFU, BIRTINGAR EÐA DREIFINGAR TIL BANDARÍKJANNA EÐA YFIRRÁÐASVÆÐA ÞESS (Þ.Á.M PÚERTÓ RÍKÓ, BANDARÍSKU JÓMFRÚAREYJAR, GVAM, BANDARÍSKA SAMÓA, VARSÍMAEYJAR EÐA NORÐUR-MARÍANAHEYJAR) EÐA HVERRAR ÞEIRRAR LÖGSÖGU ÞAR SEM HIÐ SAMA TELDIST BROT Á LÖGUM VIÐKOMANDI LÖGSÖGU (SJÁ NÁNAR TAKMARKANIR Í HJÁLAGÐRI TILKYNNINGU UM ENDURKAUPATILBOÐ).

## Íslandsbanki hf.: Íslandsbanki tilkynnir um endurkaupatilboð á almennri skuldabréfaútgáfu í evrum

Íslandsbanki hf. tilkynnir í dag um endurkaupatilboð til eigenda 300 milljóna evra skuldabréfaútgáfu sem ber 0,750% vexti og er á gjalddaga 25. mars 2025 (ISIN: XS2411447043) gegn greiðslu reiðufjár (hér eftir endurkaupatilboðið), sem nánar er lýst í hjálagðri tilkynningu um endurkaupatilboðið (e. Tender Launch Announcement).

Endurkaupatilboðið er háð þeim skilmálum og skilyrðum sem er að finna í endurkaupatilboðslýsingunni (e. Tender Offer Memorandum) sem dagsett er 13. nóvember 2024. Endurkaupatilboðslýsinguna má nálgast (háð tilteknum takmörkunum á dreifingu) hjá umsýsluaðila endurkaupanna (e. Tender Agent): Kroll Issuer Services Limited (sími: +44 20 7704 0880; netfang: [islandsbanki@is.kroll.com](mailto:islandsbanki@is.kroll.com); vefsíða: <https://deals.is.kroll.com/islandsbanki>).

Umsjónaraðilar (e. Dealer Managers) með endurkaupunum eru Citigroup Global Markets Europe AG og Jefferies GmbH.

### Frekari upplýsingar veita:

Fjárfestatengsl - Bjarney Anna Bjarnadóttir, [ir@islandsbanki.is](mailto:ir@islandsbanki.is)  
Samskiptastjóri - Edda Hermannsdóttir, [pr@islandsbanki.is](mailto:pr@islandsbanki.is)

### MAR legend - Tender offer

Þessi tilkynning er birt af Íslandsbanka hf. og inniheldur upplýsingar sem töldust eða kunna að hafa talist innherjaupplýsingar í skilningi 7. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og Ráðsins (ESB) nr. 596 /2014 um markaðssvik (MAR), sbr. lög nr. 60/2021, um aðgerðir gegn markaðssvikum, sem innihalda upplýsingar tengdar endurkaupatilboðinu sem lýst er hér að ofan. Tilkynning þessi er gerð af Ellerti Hlöðverssyni, fjármálastjóra Íslandsbanka hf., í samræmi við upplýsingaskyldu bankans samkvæmt MAR og 2. gr. framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EU) 2016/1055.

### Viðhengi

[Íslandsbanki hf.: Íslandsbanki tilkynnir um endurkaupatilboð á almennri skuldabréfaútgáfu í evrum](#)

[Íslandsbanki November 2024 Tender Launch Announcement](#)